

Verklagsreglur vegna úthlutunar styrkja til viðhalds styrkvega í Húnaþingi vestra

Reglur þessar eru settar til að tryggja sanngjarna úthlutun fjármuna sem ætlaðir eru til viðhalds styrkvega í Húnaþingi vestra. Þær byggja á árlegu fjárframlagi frá Vegagerðinni auk framlags frá Húnaþingi vestra sem skilgreint er á fjárhagsáætlun hverju sinni.

1. Framkvæmdaáætlun

Fyrir 30. janúar ár hvert skulu fjallskiladeildir skila inn áætlun um framkvæmdir komandi sumars. Sú áætlun skal innihalda:

- upplýsingar um heildar vegalengd styrkvega innan svæðis viðkomandi deildar,
- lýsingu á fyrirhuguðum framkvæmdum ásamt kostnaðaráætlun og rökstuðningi fyrir mikilvægi framkvæmda,
- lýsingu á nýtingu viðkomandi vega,
- myndir sem sýna fram á þörf á viðkomandi framkvæmdum þar sem þess er kostur.

Umsóknir þær sem berast samkvæmt framangreindu verða lagðar til grundvallar umsóknar sveitarfélagsins um styrki frá Vegagerðinni til framkvæmda og verða fylgiskjöl með þeirri umsókn.

2. Úthlutun fjármuna

Landbúnaðarráð úthlutar fjármunum þeim sem til ráðstöfunar eru þegar ljóst er hver framlög Vegagerðar verða ár hvert, eigi síðar en 15. júlí. Ef framlög Vegagerðar liggja ekki fyrir fyrir þann tíma er framlagi sveitarfélagsins úthlutað og skal þá framlagi Vegagerðar úthlutað í sömu hlutföllum þegar það liggur fyrir.

Við ákvörðun um skiptingu fjármuna til styrkvega skal landbúnaðarráð leggja eftirfarandi til grundvallar:

- Heildar lengd styrkvegakerfis innan svæðis viðkomandi fjallskiladeildar. Vægi 30%.
- Skoðun á nýtingu viðkomandi vega og umferð um þá. Almennt skal haft til hliðsjónar að þeir vegir sem meiri umferð er um gangi fyrir. Vægi 30%.
- Mati á mikilvægi þeirra framkvæmda sem tilgreindar eru í framkvæmdaáætlun viðkomandi fjallskiladeildar byggt á rökstuðningi þeirra. Vægi 40%.

3. Skil á reikningum og framkvæmdayfirlit

Framkvæmdum við vegi skal lokið fyrir fyrstu göngur og skal reikningum ásamt yfirliti yfir framkvæmdir skilað eigi síðar en 31. október ár hvert eins og kveðið er á um í reglum vegna styrka frá Húnaþingi vestra til fjallskiladeilda til viðhalds girðinga, skála og styrkvega. Framkvæmdayfirlit skal innihalda greinargóða lýsingu á framkvæmd ásamt myndum sem geta nýst í umsókn sveitarfélagsins til Vegagerðarinnar á komandi ári.

4. Skil gagna

Verði misbrestur á skilum gagna skv. framangreindu er ekki hægt að tryggja að framlögum til viðhalds styrkvega verði úthlutað til viðkomandi fjallskiladeildar.

5. Annað

Um uppáskrift reikninga, skil á reikningum, texta reikninga, úttektir, efniskaup, val verktaka o.s.frv. gilda reglur vegna styrkja frá Húnaþingi vestra til fjallskiladeilda til viðhalds girðinga, skála og styrkvega.

Reglur þessar voru samþykktar á 220. fundi landbúnaðarráðs sem fram fór þann 6. ágúst 2025 og staðfestar á 1252. fundi byggðarráðs sem fram fór þann 20. ágúst 2025 skv. heimild byggðarráðs til fullnaðarafgreiðslu mála í sumarleyfi sveitarstjórnar sbr. 32. gr. Samþykktar um stjórn Húnaþings vestra 15/2024.